

Samþykkt í bæjarráði 13.10. 2016 með fyrirvara um að nánari útfærsla á sviðum er í vinnslu.

# Starfslýsing

Svið

*Umhverfis- og mannvirkjasvið*

Starfsheiti

*Sviðsstjóri*

Nr. starfs

*Ef við á*

Vinnustaður

Ráðhús

Starfsheiti næsta yfirmanns

*Bæjarstjóri*

## Almennt um starfið

### Tilgangur og markmið starfs

---

Umhverfis- og mannvirkjasvið leiðir verklegar framkvæmdir og samhæfingu þeirra fyrir bæði eignasjóð og gatnasjóð Akureyrarbæjar.

Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs er yfirmaður sviðsins og hefur yfirumsjón með m.a. fasteignum í eigu Akureyrarbæjar, framkvæmdum og hönnun fasteigna, grunnupplýsingum landupplýsingakerfis, gerð mæliblaða, framkvæmdum og hönnun gatna og holræsakerfa, garða og opinna svæða ásamt rekstri þeirra kerfa, auk eftirlits með dýrahaldi. Ennfremur eru náttúru- og umhverfisverndarmál og Slökkvilið Akureyrar á verksviði sviðsins.

Umhverfis- og mannvirkjasvið skiptist í fimm deildir: Rekstrardeild sem annast utanumhald reikninga og annarrar umsýslu auk reksturs bifreiðastæðasjóðs. Gatnadeild sem annast gatna-, fráveitu- og hreinlætismál ásamt umhverfismálum. Framkvæmdadeild sem annast hreinsun gatna og opinna svæða, slátt og almenna umhirðu á landi bæjarins ásamt því að reka Lystigarðinn og Strætisvagna Akureyrar. Fasteignadeild sem annast allar fasteignir í eigu Akureyrarbæjar, viðhald þeirra og nýbyggingar, hönnun, útboð verklegra framkvæmda og eftirlit með framkvæmdum. Slökkvilið Akureyrar sem annast brunarvarnir og sjúkraflutninga.

### Helstu verkefni og ábyrgð

---

Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs ber ábyrgð á rekstri sviðsins og að kostnaður við rekstur þess sé innan fjárheimilda. Hann hefur í samráði við bæjarlögmann eftirlit með framkvæmd laga um málefni er undir hann heyra og varða verkefni sviðsins.

Sviðsstjóri ber ábyrgð á innleiðingu og framfylgd jafnréttismála og umhverfismála á sviðinu.

Sviðsstjóri ber ábyrgð á samskiptum við umhverfis- og mannvirkjaráð, undirbýr fundi og sér um að ákvörðunum sé fylgt eftir.

Sviðsstjóri er leiðandi og mótandi í starfi sínu og hefur frumkvæði að lausn verkefna, veitir ráðgjöf og hefur yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi á verksviði sviðsins.

Sviðsstjóri skal ávallt leita að umbótum og hagræðingu innan síns sviðs, gæta að kostnaði og tekjumöguleikum.

Sviðsstjóri hefur frumkvæði að hugmyndum til breytinga og skal vera skilvirkur og framsækinn í innleiðingu breytinga.

Samþykkt í bæjarráði 13.10. 2016 með fyrirvara um að nánari útfærsla á sviðum er í vinnslu.

Sviðsstjóri leiðir mótun umbóta á verklagi og samstarfi við þá sem nýta sér þá þjónustu sviðsins sem varðar tæknilega innviði Akureyrarbæjar.

Sviðsstjóri leiðir samþættingu á sviði útboðsmála og verðfyrirspurna og vinnur að lækkun rekstrarkostnaðar við rekstur tæknilegra innviða með því að samhæfa miðlæga þjónustu innan rekstardeildar.

Sviðsstjóri hefur faglega og fjárhagslega umsjón með aðkeyptri vinnu vegna verkefna sviðsins og gerir samninga við verktaka og ráðgjafa í samræmi við starfs- og fjárhagsáætlun og samþykktir bæjarstjórnar.

Sviðsstjóri hefur yfirumsjón með framkvæmdadeild sem er undir daglegri verkstjórn forstöðumanns framkvæmdadeildar. Hann hefur ennfremur yfirumsjón með fasteignadeild sem er undir daglegri verkstjórn deildarstjóra fasteignadeildar, gatnadeild sem er undir daglegri verkstjórn deildarstjóra gatnadeildar sem og yfirumsjón með rekstrardeild sem er undir daglegri verkstjórn deildarstjóra rekstrardeildar. Sviðsstjóri hefur auk þess yfirumsjón með Slökkviliði Akureyrar sem er undir daglegri verkstjórn slökkviliðsstjóra.

Sviðsstjóri svarar ýmsum beiðnum innan kerfis um margvíslegar upplýsingar úr starfsemi deildarinnar sem nýtast gjarna við frekari ákvarðanatöku og stefnumótun stjórnenda bæjarins.

Sviðsstjóri er leiðandi og mótandi í starfi sínu og hefur frumkvæði að lausn verkefna, veitir ráðgjöf og hefur yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi á verksviði sviðsins.

Sviðsstjóri sér um að veitt sé ráðgjöf og fræðsla til bæjaryfirvalda, stjórnenda og annars starfsfólks vegna mála er varða starfsemi sviðsins.

Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs aðstoðar starfsmenn og fagteymi við úrlausn þeirra mála sem þarfnast sérstakrar úrvinnslu. Hann hefur eftirlit með að fyrirspurnir og erindi varðandi þjónustu fari til rétttra aðila og fylgist með úrlausn þeirra mála sem undir hans verkviði heyra. Hann hefur eftirlit með forgangsröðun verkefna og deilir verkefnum til starfsmanna þegar það á við. Sviðsstjóri hefur eftirlit með að ákvarðanir annarra stjórnenda á verkviði hans séu í samræmi við heimildir, samþykktir og verklagsreglur.

Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs á sæti í Almannafræðingaráðgjöf Eyjafjarðar.

Sviðsstjóri annast ráðgjöf til deildarstjóra í starfsmanna-, rekstrar- og þjónustumálum.

Sviðsstjóri gegnir leiðtogahlutverki gagnvart starfsfólki sviðsins og samstarfsaðilum í samræmi við áherslur Akureyrarbæjar.

## Grunnkröfur

### Menntun, reynsla og hæfni/færni

---

Háskólamenntun í verkfræði og/eða tæknifræði eða skyldum greinum, meistaraþráða æskileg.

Þekking og reynsla af þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra.

Umfangsmikil þekking og reynsla af störfum á sviði stjórnunar og rekstrar.

Þekking og umfangsmikil reynsla á starfsumhverfi opinberrar stjórnarsýslu og starfsmannastjórnunar.

Samþykkt í bæjarráði 13.10. 2016 með fyrirvara um að nánari útfærsla á sviðum er í vinnslu.

Þekking og reynsla af stjórnslu sveitarfélaga.

Þekking á lögum og reglugerðum er varða starfsemina.

Mjög góð tölvukunnátta, sérstaklega góð þekking á og reynsla af ritvinnslu- og reikniforritum.

Góð íslenskukunnátta og geta til að tjá sig í ræðu og riti.

Góð kunnátta í ensku og einu norðurlandtungumáli.

Leiðtogahæfni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

Teymishugsun, samstarfsvilji, lipurð og hæfni í samskiptum.

Góðir skipulagshæfileikar, sveigjanleiki og víðsýni.

## Samskipti/helstu samstarfsaðilar

---

Samskipti við undirmenn, bæjarstjóra, umhverfis- og mannvirkjaráð og aðra sviðsstjóra. Situr fundi bæjarráðs eftir því sem við á.

Situr fundi með samstarfsfólki vegna einstakra verkefna.

Samskipti við einstaka bæjarfulltrúa og nefndarfólk vegna upplýsingagjafar um einstök mál.

Samskipti við viðskiptavinum bæjarins (íbúa og fyrirtæki), gjarna vegna óvenjulegra mála sem ekki hljóta hefðbundna afgreiðslu hjá undirmönnum.

Samskipti við ráðuneyti, stofnanir, fyrirtæki og sérfræðinga í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrir.

Annast samskipti við fjölmiðla í samræmi við reglur um samskipti Akureyrarbæjar við fjölmiðla og situr fundi og ráðstefnur sem fulltrúi Akureyrarbæjar.

## Mannaforráð

---

Undir sviðsstjóra umhverfis- og mannvirkjasviðs heyrir fimm deildarstjórar; deildarstjóri rekstrardeildar, deildarstjóri gatnadeildar, deildarstjóri framkvæmdadeildar, deildarstjóri fasteignadeildar og slökkviliðsstjóri.

## Stefnumótun og áætlanagerð

---

Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs stýrir gerð fjárhags- og starfsáætlana umhverfis- og mannvirkjasviðs og verkefna sem undir sviðið heyrir. Hann ber ábyrgð á og hefur eftirlit með framkvæmd starfs- og fjárhagsáætlunar sviðsins.

Sviðsstjóri undirbýr stefnumótun í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrir í samstarfi við umhverfis- og mannvirkjaráð.

Samþykkt í bæjarráði 13.10. 2016 með fyrirvara um að nánari útfærsla á sviðum er í vinnslu.

## **Annað:**

Starflýsing er ekki tæmandi upptalning verkefna. Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs annast önnur þau störf sem honum kunna að vera falin af yfirmanni og falla innan eðlilegs starfssviðs hans.

Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs skal hafa í heiðri við störf sín vandaða stjórnsluhætti, sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, stjórnslulög nr. 37/1993 og önnur lög sem varða starfssvið hans. Sviðsstjóri skal vinna samkvæmt eftirtöldum samþykktum:

- Reglum um ábygðarmörk og starfshætti stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna í stjórnslu Akureyrarbæjar,
- Reglum um hlutverk stjórnenda hjá Akureyrarbæ,
- Mannauðsstefnu Akureyrarbæjar,
- Jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar,
- Öðrum samþykktum og reglum um stjórn og starfshætti í stjórnslu Akureyrarbæjar sem bæjarstjórn hefur staðfest og varða verkswið hans.

Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs skal stuðla að góðri ímynd Akureyrarbæjar og koma fram með hagsmuni bæjarins og vinnustaðar að leiðarljósi.

Akureyri, 13.10. 2016

---

Undirskrift yfirmanns

---

*Staðfesting starfsmanns á móttöku starflýsingar*